

Fundargerð

323. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
9. mars, 2016, kl 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Kjaramál**
- 4. Dagskrá fyrir EPN daga**
 - a. Tillögur um tónlistaratriði?
 - b. SLFÍ býður til móttöku í félagsaðstöðunni.
 - c. Framkvæmdastjórn SLFÍ verður með í ferð á Snæfellsnes.
 - d. Ákveðið var á fundi félagsstjórnar að fulltrúar í félagsstjórn komi á EPN ráðstefnuna og verður ferða- og dvalarkostnaður greiddur af SLFÍ.
- 5. Undirbúningur Fulltrúapings SLFÍ 2016**
 - a. Þingforsetar og ritarar.
 - b. Uppstillinganefnd.
 - i. Auglýsing eftir framboði til formanns SLFÍ.
- 6. Undirbúningur fyrir afmælishátíð félagsins 18. nóvember.**
 - a. Er Framvegis komið að undirbúningnum?
- 7. Lífeyrismál**
 - a. Formaður fer yfir stöðuna.
- 8. SALEK.**
 - a. Málþing í Hörpunni 7. maí.
 - b. Formaður fer yfir stöðu mála.
- 9. Húsnæðismál.**
 - a. Formaður gerir grein fyrir vinnu Velferðarnefndar BSRB.

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Staðan í kjaramálum

- KÁG og GÖG fóru yfir stöðuna í kjaramálum:
 - Farið var yfir að nýu fundir hafa verið haldnir undir stjórn ríkissáttasemjara með Samninganefnd sveitarfélaga SNS. Síðasti fundur var haldinn 29. febrúar og lauk honum á því að fulltrúar SNS lögðu fram tilboð, sem gerði ráð fyrir mun minni launahækkunum til sjúkraliða, en samið hefur verið við aðra samnigsaðila. Fulltrúar kjaramálanefndar SLFÍ gerðu grein fyrir því að það yrði ekki samið um minna en aðrir hafa fengið. Ríkissáttasemjari sleit fundi og mun ekki boðað til nýs fundar fyrr en lög gera ráð fyrir, eða að hálfum mánuði liðnum.
 - Fundað hefur verið með sjúkraliðum á Akureyri, Akranesi, Borgarnesi og Ísafold um stöðuna og er það samdóma álit sjúkraliða að ekki komi til greina að semja um minna en aðrir hafa samið um og ef fara þurfi í verkfall til að ná því fram þá skuli það gert.
 - Kjaramálanefnd SLFÍ hefur ákveðið að boða til verkfalls 4. apríl, hafi ekki samist fyrir þann tíma og er kosning hafin á heimasíðu félagsins.
 - Fundur var í samstarfsnefnd SLFÍ og SFV þ.s. farið var yfir vafamál sem vörðuðu eingreiðslur og þau afgreidd. Einnig var farið yfir bókanir í síðasta kjarasamingi og eldri samningum og þeim komið í góðan farveg.
 - Samkomulag náðist við Reykjavíkurborg um að þeir sjúkraliðar sem hafa lokið einnar annar sérnámi haldi viðbótar launaflokknum sem var í eldri kjarasamningum. Málið var ekki rætt við gerð síðasta samnings og töldu fulltrúar SLFÍ að launaflokkurinn hafi ekki átt að fara út.
 - Enn er þrýst á ríkið að skipa fulltrúa í samstarfshóp vegna bókanar í síðasta kjarasamningi. Enn hafa ekki fengist svör frá ríkinu um hver verður þeirra fulltrúi.

4. Dagskrá fyrir EPN daga á Íslandi

KÁG byrjaði á að fara yfir dagskrá stjórnarfundar og aðalfundar EPN.

Rætt var hvaða tónlistaratriði kæmi til greina við opnun ráðstefnunnar. Rætt var um ýmsa listamenn og verður málið kannað frekar. Fram kom að Ögmundur Jónasson þingmaður verður ráðstefnustjóri og Landlæknir ávarpar ráðstefnugesti. Erindi verða síðan flutt og fjalla um sjálboðaliða í heilbrigðisþjónustu.

Ákveði var að halda boð fyrir aðalfundarfulltrúa EPN í félagsaðstöðu SLFÍ, þ.s. boðið verður upp á pinnamat og farið var yfir skipulag og dagskrá kvöldsins. Rætt verður við Bjarna Ara söngvara um að skemmta gestum.

Rætt var um gestagjafir og farið yfir verð og fjölda gjafa. Framkvæmdastjórn SLFÍ mun fara með í ferðalagið með EPN fulltrúum um Snæfellsnes. Farið var yfir dagskrá ferðarinnar. Ákveðið var að sækja um styrk úr Starfsþróunarsjóði fyrir þátttöku félagsstjórnar á ráðstefnunni.

5. Undirbúningur fyrir 25. Fulltrúaþing SLFÍ 10. maí 2016

- Rætt var um að hefð er orðin fyrir því að landshlutadeildar félagsins hafa tilnefnt þingforseta og ritara fulltrúaþingsins. Það gleymdist að ræða það mál á síðasta fundi félagsstjórnar og þ.v. þarf að ákveða hvaða deildar taka að sér að útvega í þessar stöður. Fram kom að formaður SLFÍ sendi erindi á félagsstjórn, þ.s. óskað var eftir að deildarnar tilnefni ritara og þingforseta. Austurlandsdeild og Reykjavíkudeild hafa svarað og boðið ritara, Jóhönnu Pálsdóttur frá Seyðisfirði og Jakobínu Rut Daníelsdóttir frá Reykjavík, enn er beðið eftir svörum frá öðrum deildum.
- Uppstillinganefnd hefur auglýst eftir fulltrúum í nefndarstörf félagsins og mun verða í sambandi við núverandi fulltrúa og í sambandi við þá sem vilja bjóða sig fram eða óskað er eftir að gefi kost á sér.
- Rætt var um að kjörstjórn þurfi að auglýsa eftir framboðum til formanns SLFÍ opinberlega og þarf það að gerast fljótlega í fjölmiðli og á heimasíðu félagsins. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir heldur utan um framkvæmdina.
- KÁG fór yfir að illa gangi að fá ársskýrslur frá deildum og nefndum félagsins, en nauðsynlegt sé að fá þær sem fyrst.

6. Undirbúningur fyrir afmælishátíð SLFÍ 18. nóvember 2016

Undirbúningur vegna hátíðarinnar er í fullum gangi og eru ákveðin atriði klár og búið er að ræða við aðila hjá Framvegis varðandi aðstoð við undirbúning ráðstefnunnar sem haldin verður í tilefni afmælishátíðarinnar. Ákveðið var að Kristín Ólafsdóttir og Birna Ólafsdóttir verði í sambandi við Sólveigu H. Björnsdóttur hjá Framvegis til að skipuleggja samstarfið.

7. Lífeyrismál

KÁG gerði grein fyrir að töluverð vinna er í gangi hjá stéttarfélögum opinberra starfsmanna með fjármálaráðuneytinu varðandi breytingar á lífeyrisréttindum. Lagðir hafa verið fram útreikningar ráðuneytisins á kostnaðarmati á mismunandi útfærslum á hugsanlegum breytingum á framtíðar skuldbindingum. Engar niðurstöður hafa mótast og er vinnan enn í gangi.

8. SALEK

Rætt var um áframhaldandi vinnu vegna SALEK og skipulag vinnufundar sem verður 7. maí í Hörpu, en sá fundur mun verða með „þjóðfundarstíl“. Ákveða þarf hvernig fulltrúar SLFÍ verða valdir, en búið er að velja borðstjóra frá félaginu og þeir fara í þjálfun.

9. Húsnæðismál

KÁG fór yfir umræðuna sem er um væntanlega aðkomu stéttarfélaga/sambanda að stofnun sjóðs um byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir ákveðna hópa í samfélaginu. Málið er í vinnslu.

Önnur mál

- JJS ræddi um að enn vanti reikningana frá Reykjanesdeild.
- Farið var yfir ályktun vegna arðgreiðslna tryggingarfélanna og hún samþykkt og ákveðið að senda hana á fjölmiðla.

Fundi slitið kl. 18.30